

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – 134. fundur 5. mars 2013, kl 12:10.

Mætt: Elliði Vignisson formaður, Ólafur Elísson, Íris Róbertsdóttir, Gunnar Friðfinnsson, Magnús Sigurðsson, Fjóla B. Jónsdóttir og Ólafur H. Sigurjónsson.

Formaður setti fund og fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

1. Skólastarfið: Skólameistari dreifði yfirliti um skólastarfið frá síðasta fundi 21. nóv 2012. Það helsta var þetta: Í haustannarlok var starfsmönnum boðið að láta mæla blóðþrýsting og blóðsykur, sem flestir nýttu sér. Í byrjun desember komu þrjár valkyrjur úr menntamálaráðuneytinu í heimsókn. Erindið var að setjast yfir gerð nýs skólasamnings, með stjórnendum skólans. Gekk það vel og seinni samningsfundurinn verður í apríl. Þessir fundir eru einnig notaðir til að fara yfir starfið og reksturinn. Útskrift og annarlok voru 15. desember. Sautján nemendur voru útskrafaðir, 16 stúdentar og 1 sjúkraliði. Í uppgjöri haustannar kemur í ljós að við upphaf annar voru 275 nemendur, en þeir voru aðeins 243 þegar kom að prófum (11,6% brotfall ef miðað er við hausatölu). Meðal brottafell 2012 miðað við námseiningar er 7,7%. Í fjárhagsuppgjöri ársins 2012 var niðurstaðan 9,3 milljóna halli á rekstrinum (4,2% miðað við fjárhheimildir). Þessi halli fylgir okkur inn í áætlun fyrir 2013 og hefur heilmikil áhrif til hins verra. Launaliðurinn er orðinn tæpl. 84% af rekstrarkostnaði, sem er alltof hátt hlutfall, það ætti að vera 60-70%. Húsnæðiskostnaður er einnig orðinn mikill, nærrí 13% af rekstri Vorönn 2013 hófst með skólastetningu 7. janúar og kennsla byrjaði daginn eftir. Skólastarfið hefur gengið nokkuð vel, samt svoltið um veikindi hjá kennurum og nemendum. Fjórir nemendur og einn kennari fóru til London dagana 24. – 28. janúar til að keppa í Oliuverkefninu, sem fulltrúar Íslands. Okkar lið stóð sig vel og var í hópi sjö hæstu liða, af 150 liðum frá mörgum löndum. Kvikmyndin „Fáðu Já“ var sýnd fyrir alla nemenda og starfsmenn 30. janúar. Þessi mynd nær vel til unglingana og fær þau til að hugsa um hvað er ofbeldi, klám og nauðgun ásamt því að benda á leiðir til að bæta samskipti kynjanna. Í febrúarbyrjun var stuttur allsherjafundur með nemendum, þar sem farið var yfir reglur um að fara ekki inn á útiskóm og reglur um flokkun á rusli. Sjöunda febrúar fengum við gesti með fyrirlestra fyrir nemendur og foreldra GV og FÍV um hættur og forvarnir tölvufíknar. Hefbundin viðfangsefni í upphafi árs eru áætlanir og skýrslugerðir. Ársskýslan er nánast tilbúin, ásamt sjálfsmatsskýrslu. Vinna við að ljúka gerð „framhaldsskólabrautar“ er í gangi með samstarfsskólum okkar MÍ, FNV og VA. Stefnt er á, að bjóða uppá þessa braut í haust. Í síðustu viku voru „skapandi dagar“, þar sem nemendur unnu í hópum að ýmsum verkefnum og undirbúningi að árshátíð sem var á föstudag 1. mars. Þetta tókst allt vel og árshátíðin var nemendum til sóma. Umræður urðu um; brottafellið sem er í skoðun, skólabraginn sem er stöðugt að verða betri og nemendum eru stöðugt jákvæðari. Einnig var rætt um reksturinn og hvað fjárveitingar hafa rýrnað. Spurt var um breytingar á starfsfólk, upplýst var að Baldvin Kristjánsson hættir sem aðstoðarskólameistari, en heldur áfram sem kennari.

Fleira var ekki gert

Ólafur H. Sigurjónsson

*Samþykkt 17.04.2013
(Ólafur H. Sigurjónsson)*